

Heilbrigðisráðuneytið
Skrifstofa innviða heilbrigðisþjónustu
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík



Reykjavík, 30. júní 2021

Efni: Umsögn um drög að (1.) breytingu að reglugerð um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar ofangreind drög sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 31. maí. Breytingunni er ætlað að bæta úr vandkvæðum langveikra og fatlaðra einstaklinga við að veita umboð um afhendingu lyfja.

Með reglugerð nr. 740/2020 var í fyrsta sinn kveðið á um skyldu þess að vera annað hvort með skriflegt eða rafrænt umboð til að fá afhent lyf frá þriðja aðila. Eftir gildistöku reglugerðarinnar varð ljóst að ekki gátu allir veitt umboð fyrir afhendingu lyfja vegna fötlunar eða veikinda. Með fyrirbyggjandi reglugerðarbreytingu er markmiðið að bregðast við þessu en breytingarnar eru þó samtímis að takmarka umboðsveitingar almennt og girða fyrir rafrænar lausnir í lyfsölu.

Með gildistöku reglugerðar nr. 740/2020 var opnað á þann möguleika að veita umboð vegna afhendingar lyfja rafrænt í gegnum Heilsuveru. Um er að ræða mikla réttarbót og hagræði fyrir neytendur en fram að því þurfti skriflegt og vottað umboð. Fyrirkomulagið gerir einstaklingum kleift að veita umboð rafrænt með öruggum hætti. Aðstandendur geta þá t.d., hafi þeir fengið umboð, séð yfirlit yfir ávísanaskyld lyf og keypt lyf fyrir hönd umbjóðenda sinna. Þessi lausn er mikið notuð og verulega hagnýt fyrir bæði þá sem geta ekki nálgast lyf sín sjálfir og umboðsmenn þeirra.

Með fyrirbyggjandi breytingu verður gert ráð fyrir tveimur tegundum umboða, afhendingarumboði og upplýsingaumboði í stað einnar tegundar umboðs sem heimilar bæði afhendingu og upplýsingar, líkt og nú er staðan. Með afhendingarumboði heimilar umbjóðandi þriðja aðila að sækja ávísanaskyld lyf hans í lyfjabúð en upplýsingaumboð heimilar þriðja aðila bæði að sækja lyfin og fá upplýsingar í lyfjagátt um lyfjaávisanir umbjóðandans. Breytingin gerir ráð fyrir að sérfræðilæknir með gilt sérfræðileyfi hafi vottað að einstaklingur geti ekki sótt lyf sín sjálfur né veitt öðrum umboð til þess. Markmið breytinganna er að skýra betur ákvæði gildandi reglugerðar en reyndin er sú að heimildin er þrengd hvað varðar aðra einstaklinga en þá sem ekki geta sótt lyf sín sjálfir eða veitt umboð til þess.

Í 3. gr. reglugerðardraganna er girt fyrir að lyfjabúðir veiti öðrum en eiganda lyfjaávisana og þeim sem hafa upplýsingaumboð upplýsingar um lyfjaávisanir úr lyfjaávisanagátt. Jafnframt er þeim óheimilt að veita þessar upplýsingar með rafrænum hætti.

Það er mikilvægt að stjórnvöld greiði fyrir nýtingu tæknilausna sem auðvelda neytendum lífið, í heilbrigðisþjónustu sem og annarri opinberri þjónustu. Mikil nýsköpun hefur átt sér stað á sviði lyfsölu og geta neytendur nú notað smáforrit utan um sínar lyfjaávisanir og lyfjakaup og fengið lyfin heimsend. Það skiptir máli að veita einstaklingum frelsi til að nálgast upplýsingar um lyf sín og að kaupa þau á þann hátt sem þeim hentar. Aðstandendur og aðrir umboðsmenn geta nú séð yfirlit yfir ávísanaskyld lyf og annast lyfjakaup með þessum hætti fyrir hönd barna eða umbjóðenda sinna.

Með fyrirhuguðum breytingum verður ómögulegt fyrir einstaklinga að heimila aðstandendum sínum að fá aðgang að upplýsingum um lyfjaávisanir sínar nema sérfræðilæknir votti að

viðkomandi einstaklingur geti ekki sótt lyf sín sjálfur eða veitt til þess umboð. Að sama skapi verður lyfjabúðum óheimilt að veita slíkar upplýsingar rafrænt. Þar með er girt fyrir mikilvægar rafrænar lausnir í lyfsölu sem hafa nú þegar sannað gildi sitt og einfaldað líf neytenda.

Að mati SA gengur þessi tillaga lengra en þörf er á enda er meginreglan sú að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil gefi hinn skráði samþykki sitt fyrir henni, sbr. t.d. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Það er skiljanlegt að sérfræðilæknir þurfi að votta að veikur eða fatlaður einstaklingar geti ekki sótt sín lyf sé það markmið þeirra að veita upplýsingaumboð. Ákvæðið girðir hins vegar fyrir að aðrir veiti upplýsingaumboð. Úr þessu þarf að bæta áður en reglugerðin verður staðfest.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,



Heiðrún Björk Gísladóttir